

Fundur hjá skólaráði kl. 17:00 26. mars 2015

Mætt: Svandís, Irena, Bryndís, Jóna, Þorsteinn og Freyja. Bóas er forfallaður.

Efni fundarins er:

- Áætlun um námsmat og skimanir við skólann.
- Endurskoðuð eineltisáætlun.
- Gátlisti um „Geðrækt.“

1. Farið yfir áætlun um námsmat og skimanir í skólanum. Áætlunin rædd og farið yfir þau atriði sem eru ný af nálinni eða er áætlað að festa í sessi í skólastarfinu. Þessa áætlun þarf að kynna fyrir foreldrum og nemendum að hausti. Samþykkt að áætlunin verði send til skólanefndar til staðfestingar.

2. Farið yfir endurskoðaða eineltisáætlun. Þessi áætlun talin vera vel unnin en rætt um að áætlun sem þessi þurfi stanslaust að vera í endurskoðun. Samþykkt að senda hana til skólanefndar til staðfestingar.

3. Gátlisti Heilsueflandi skóla varðandi Geðrækt. Við yfirferð á þessum kafla kom í ljós að þessi mál eru í nokkuð góðu standi í skólanum.

4. Almennur fundur í skólasamfélaginu fyrirhugaður 30. apríl.n.k. um stefnu skólans og áherslur í skólastarfinu. Þá yrði einnig kosið í nýtt skólaráð, fullskipað án undanþágu.

5. Nýtt skólaráð haldi sinn fyrsta fund 4. maí kl. 17:00.

Fundi slitið kl. 19:40

Jóna Björg ritaði.